



## Fundur háskólaráðs 16. desember 2004

### Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 13.12.2004  
Dags: 16.12.2004

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

18/2004

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 16. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Matthías P. Imsland, Bryndís Harðardóttir, Inga Jóna Þórðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Vilhjálmur Árnason, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson og Eiríkur Tómasson.

### 1. Mál til fróðleiks

1.1 Fundaáætlun háskólaráðs á vormisseri 2005, drög.

1.2 Endurskoðaður Ársreikningur Háskóla Íslands 2003.

1.3 Rektor greindi frá því að hann og landsbókavörður hefðu ákveðið að Þjóðarbókhlaðan verði opin framvegis eins og verið hefur að undanfögnu. Fulltrúar stúdenta lögðu fram svohljóðandi bókun: „Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar samkomulagi rektors og landsbókavarðar um áframhaldandi kvöld- og helgaropnunin Þjóðarbókhlaðu. Um var að ræða nauðsynlega aðstöðu fyrir nemendur, sér í lagi í ljósi hækkunar skrásetningargjalds.“

### 2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar að breytingu á 95. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000, sbr. bréf deildarforseta, dags. 15. desember 2004 og minnisblað akademískrar stjórnarsýslu, dags. 15. desember 2004.

- Samþykkt einróma.

2.2 Tillaga akademískrar stjórnarsýslu að breytingu á 48. gr. reglna nr. 458/2000 vegna breyttra lagaákvæða um skrásetningargjald.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að ákvæði 48. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, breytist og hljóði svo: „Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald kr. 45.000 fyrir heilt háskólaár. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila. Háskólaráði er heimilt að verja hluta skrásetningargjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta.

Háskólaráð staðfestir nánari reglur um innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjaldsins sem birtar skulu í kennsluskrá og á háskólavefnum.

Í reglunum skal kveðið á um gjalddaga og eindaga gjaldsins og meðferð heimilda til lækkunar gjaldsins og endurgreiðslu þess. Við lækkun og endurgreiðslu skal

tekið mið af kostnaðarliðum gjaldsins eins og þeir eru skilgreindir á grundvelli laga.“

Rektor mun fela akademískri stjórnslu að semja drög að nánari reglum, sem komi til umræðu á fyrsta fundi háskólaráðs eftir áramót. Í þeim drögum verður m.a. að finna viðmið um lækkun skrásetningargjalds vegna þeirra sem nýskrásettir eru til náms á vormisseri 2005.

### 3. Mál á dagskrá

#### 3.1 Fjármál Háskólans. Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2005 og skipting fjárveitinga. Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði rækilega grein fyrir framlögðu minnisblaði um skiptingu fjárveitinga og fjárhagsáætlun ársins 2005, dags. 16. desember 2004. Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

Tillögur fjármálanefndar eru þessar:

- Fjármálanefnd leggur til að hækkuninni verði deilt út þannig að 40 m.kr. renni til deilda og 60 m.kr. til þeirra rekstrareininga sem þjóna nemendum.

Tillaga um skiptingu á 100 m.kr. (í þús.kr.):

Nemendaskrá	4.000
Námsráðgjöf	4.000
Prófstjórn	4.500
Kennslusvið	2.000
Alþjóðaskrifstofa	3.000
Rekstur fasteigna	10.000
Bygginga- og tæknisvið	10.000
Reiknistofnun	15.000
Sameiginleg stj.sýsla	7.500
Deildir	40.000
Samtals til H.Í.	100.000

Skýring: Alþingi hefur samþykkt hækkun skrásetningargjalds úr 32.500 kr. í 45.000 kr.

Í upphafi greinargerðar með frumvarpi þar um segir: „Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra.“ Afleiðing þessa er hækkun skrásetningargjalds um u.þ.b. 100 m.kr.

Samþykkt samhljóða.

- Kostnaðarstuðlar í reiknilíkani og deililíkani hækki um 2%.

Samþykkt samhljóða.

- Gerð er tillaga um 2,5% lágmarkshækkun fjárveitinga að jafnaði milli áranna 2004 og 2005.

Samþykkt einróma.

- Fjármálanefnd leggur til að 9 m.kr. verði ekki úthlutað að sinni.

Samþykkt einróma.

- Eftirfarandi óskir hafa borist um breytingar á deililíkani:
  - Hluti námskeiða hugvísindadeildar verði fluttur í 4. reikniflokk.
  - Fornleifafræði fái nýjan b-kassa í stað þess að núverandi b-kassi breytist í a-kassa.
  - Nýr a-kassi fái fyrir M.Paed. nám við hugvísindadeild.
  - Hluti námskeiða í jarð- og landfræðiskor verði fluttur úr reikniflokki 1 í reikniflokk 5.
  - Matvælafræðiskor fái hálfan c-kassa.
  - Fjölgað verði námskeiðum í reikniflokki 4 í viðskipta- og hagfræðideild.
  - Verkfræðideild fái tvo nýja c-kassa.
  - Klínísk námskeið í hjúkrunarfræði verði flutt úr reikniflokki 3 í reikniflokk 5.

Tillögur fjármálanefndar um framangreindar óskir:

- Fjármálanefnd leggur til að hugvísindadeild fái nýjan b-kassa fyrir fornleifafræði.  
Samþykkt með 8 atkvæðum en 2 voru á móti.
- Þar sem menntamálaráðuneyti hefur samþykkt að greitt verði fyrir þreyttar einingar í M.Paed. námi samkvæmt reikniflokki 9 gerir fjármálanefnd tillögu um að einn b-kassi í öðrum reikniflokki í íslenskuskor fari í níunda reikniflokk.  
Samþykkt samhljóða.
- Jafnframt gerir fjármálanefnd tillögu um að raunvísindadeild fái hálfan c-kassa vegna næringarfræði í matvælafræðiskor.  
Samþykkt með 8 atkvæðum en 2 voru á móti.
- Lagt er til að samkeppnissjóður verði notaður áfram (18,3 m.kr.).  
Samþykkt samhljóða.
- Borist hefur beiðni um framlag til Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki. Fjármálanefnd leggur til að veitt verði 1 m.kr. til Alþjóðamálastofnunar, en leggur jafnframt til að stofnanir utan deilda verði felldar undir deildir.
- Frestað til næsta fundar. Einnig var frestað ákvörðun um fjárveitingu til Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Endurmenntunarstofnunar, Upplýsingaþjónustu H.Í., Sjávarútvegsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Siðfræðistofnunar, Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknastofu um mannlegt atferli.
- Lagt er til að Stofnun fræðasetra á landsbyggðinni (Hornafjörður, Hveragerði, Sandgerði) fái 7,5 m.kr. og að á móti lækki liðurinn „þróunarverkefni“ um sömu upphæð. Jafnframt verði samstarfsverkefni við Vestmannaeyjar fært undir stofnunina, þannig að fjárveitingin verði samtals 10,458 m.kr.  
Samþykkt einróma.
- Rektor óskar eftir að upplýsingaskrifstofa (móttaka, sími og póstur) heyri beint undir rektorsskrifstofu. Við þá breytingu fara 11,8 m.kr. frá rekstri og framkvæmdum yfir á rektorsskrifstofu.  
Samþykkt einróma.
- Rannsóknir í næringarfræði fá 4 m.kr. með eyrnamerktri fjárveitingu á fjárlögum.  
Um er að ræða ákvörðun Alþingis.
- Rannsóknir í opinberri stjórnsýslu fá 1 m.kr. með eyrnamerktri fjárveitingu á fjárlögum.  
Um er að ræða ákvörðun Alþingis.

- Fjármálanefnd minnir á fyrri tillögur um Upplýsingaþjónustu Háskólans, Sjúváruútvegsstofnun og Umhverfisstofnun.

- Fjármálanefnd leggur til að 10 m.kr. verði dregnar frá rannsóknafjárveitingu raunvísindadeildar vegna þeirrar aðstöðu sem kennarar njóta á Raunvísindastofnun.

Samþykkt samhljóða.

- Fjármálanefnd leggur til að 15 m.kr. verði lagðar í sjóð til þess að veita framlag á móti tækjastyrkjum sem krefjast mótframlags.

Samþykkt einróma.

- Fjármálanefnd leggur til að 105 m.kr. fari í Rannsóknasjóð Háskólans.

Samþykkt samhljóða.

- Fjármálanefnd leggur til að á árinu 2005 verði undirbúið að taka upp stjórnunar- og aðstöðugjald 1. janúar 2006.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu þessarar tillögu.

- Fjármálanefnd leggur til að öryggisnefnd fái 2,4 m.kr.

Samþykkt einróma.

- Fjármálanefnd minnir á fyrri samþykkt ráðsins um að Sáttmálasjóður hætti að veita ferðastyrki til annara en starfsmanna Háskóla Íslands, enda er sjóðurinn alfarið fjármagnaður af fjárveitingu Háskólans. Jafnframt er lagt til að sjóðurinn verði áfram miðlægur.

Afgreiðslu frestað uns fyrir liggja hugmyndir starfshóps sem skipaður var á seinasta fundi, til að fara yfir málefni Sáttmálasjóðs.

- Fjármálanefnd minnir á fyrri umræðu í ráðinu um Vinnumatssjóð og greiðslu Háskólans í hann.

- Fjármálanefnd leggur til að mótframlag á móti öðrum styrkjum en koma úr viðurkenndum rannsóknasjóðum verði 10% í stað 5%. Fjármálanefnd leggur ekki til að aðrar sértekjur en styrkir gefi mótframlag.

Samþykkt einróma.

- Fjármálanefnd vill taka fram að liðurinn Stúdentasjóður og samningar er ætlaður til þess að standa undir 5,9 m.kr. greiðslu í Stúdentasjóð, tveimur samningum við Stúdentaráð og einum samningi við Félagsstofnun stúdenta.

- Að lokinni atkvæðagreiðslu um hverja tillögu fyrir sig bar rektor undir atkvæði í heild tillögur fjármálanefndar um skiptingu fjárveitinga ársins 2005, að undanskildum þeim sem áður var frestað.

Samþykkt einróma.

- Þá samþykkti háskólaráð samhljóða að beina því til allra rekstrareininga að þær endurskoði fjárhagsáætlanir sínar í samræmi við fyrirliggjandi skiptingu fjárveitinga.

Að lokum samþykkti háskólaráð samhljóða svohljóðandi ályktun:

„Á árinu 2004 er líklegt að 240 m.kr. halli verði á rekstri Háskóla Íslands. Stafar hallinn af því að á árinu 2004 fær skólinn ekki greitt fyrir alla nemendur sína.

Ennfremur hafa fjárframlög ekki hækkað í samræmi við launahækkunir. Gripið hefur verið til fjölmargra aðhaldsaðgerða bæði í stjórnslu svo og í öllum deildum og stofnunum skólans til þess að reksturinn verði í jafnvægi árið 2005.

Ekki hefur reynst unnt að fjölga kennurum í takt við fjölgun nemenda og starfsaðstæðum kennara og nemenda hefur hrakað. Það er mat háskólaráðs að of langt hafi verið gengið í sparnaði innan Háskóla Íslands og skólinn muni ekki geta haldið uppi núverandi starfsemi öllu lengur, hvað þá eftir hana, nema til komi aukið fé.“

### 3.2 Málafni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfistofnunar, sbr. síðasta fund.

- Frestað.

Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 17.00